

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 19. ágúst 2020

Mál nr. S-2934/2020:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Vasily Khachiuridze

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru, útgefni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 5. maí 2020, á hendur Vasily Khachiuridze, kt. [...], [...], fyrir skjalafals og brot á lögum um útlendinga með því að hafa, miðvikudaginn 24. apríl 2019, framvísað í Arion banka að Borgartúni 18 í Reykjavík, í blekkingarskyni, grunnfölsuðu litháísku kennivottorði nr. [...], á nafni A, fd. [...], með gildistíma frá 16.03.2017 til 16.03.2027.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og h. lið 2. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er ennfremur krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á framangreindu kennivottorði samkvæmt heimild í 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sótti ekki þing við þingfestingu málsins í dag og boðaði ekki forföll en í fyrirkalli sem var ásamt ákæru birt í Lögbirtingablaði 9. júní síðastliðinn var tekið fram að yrði ekki sótt þing af hans hálfu mætti hann búast við því að fjarvist hans yrði metin til jafns við það að hann viðurkenndi að hafa framið það brot sem hann væri ákærður fyrir og að dómur yrði lagður á málið að honum fjarstöddum, sbr. heimild í a-lið 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Með vísan til framanritaðs og til rannsóknargagna málsins telst framangreind háttsemi sönnuð og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...] og er [...] ríkisborgari. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 27. apríl 2020, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Með hliðsjón af sakarefni þessa máls þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er gert upptækt til ríkissjóðs kennivottorð, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Auðbjörg Lísu Gústafsdóttir aðstoðarsaksóknari. Harpa Sólveig Björnsdóttir, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

#### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Vasily Khachiuridze, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Kennivottorð er gert upptækt til ríkissjóðs.

Harpa Sólveig Björnsdóttir